

Í húsi Bomholts

Julius Bomholt (1896—1969) var einn þeirra manna sem lét sér annað um samvinnu Norðurlanda, einkum á menningarsviði. Hann sat á þingi fyrir jafnaðarmenn í fjórutíu ár, var kennslumálaráðgjafi, menntamálaráðgjafi og félagsmálaráðgjafi, formaður utanríkisráðgjafaráðs og formaður útvarpsráðs og fleira mætti telja upp. Ásamt Hartvig Frisch mótaði hann stefnu danskra jafnaðarmanna í menningarmálum og eftir lát Frisch var það fyrst og fremst Bomholt sem réð stefnu flokksins í þessum efnum.

Meðal bóka Bomholts er *Arbejderkultur* (1932) líklega þekktust, en hann samdi einnig fjölda skáldsagna og skrifaði endurminningar sínar í mörgum bindum.

Eftir að Bomholt hafði dregið sig í hlé frá erli stjórnmalanna árið 1968 bjó hann í Sönderho á Fanö. Þar hugðist hann eingöngu sinna ritstjórnunum. Enn ekki var langur tími til stefnu.

Bomholt lést árið eftir. Hann hafði ákveðið að hús hans í Sönderho skyldi verða dvalarstaður norrænna rithöfundar, þar skyldu rithöfundar fá að búa lengri eða skemmri tíma og þeim að kostnaðarlausu.

Hús Bomholts í Sönderho kallast nú Digterhjemmet Bomholts hus og er stjórn þess í höndum Esbjergborgar. Fram að þessu hafa sex rithöfundar búið í Digterhjemmet.

Til þess að minna á Digterhjemmet hefur verið gefin út bók sem nefnist *Digterhjemmet Bomholts hus — et nordisk forfattertilbud*. Udgivet af Esbjerg kommune 1981. Vestkystens forlag í Esbjerg sér um dreifingu. Ritstjórn bókarinnar annast skáldið Ulf Gudmundsen. Formáli er eftir borgarstjórnari í Esbjerg, A.K. Nielsen, en inngangur um Julius Bomholt og hús hans er skrifaður af Ulf Gudmundsen.



Julius Bomholt

norrena menningarstarfsemi og er auk þess ekki svo ómerk heimild um rithöfundana sex.


Í Enogtyve máneðer í Bomholts hus segir Steen Kaalö á skemmtilegan hátt frá dvöl sinni í Sönderho. Árangur dvalarinnar var ný ljóðabók frá hendi hans, tvær skáldsögur og leikrit. Kona hans orti og gaf út fyrstu ljóðabók sína Sonurinn naut hafs og strandar. Ekki má gleyma geit þeirra hjóna sem varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að búa í bílskúr fyrrverandi menntamálaráðgjafa. Geitin fékk líka einstaka sinnum að koma í eldhúsið og jafnvel inn í stofu þegar henni leiddist. Kaalö birtir nokkur ljóð í bókinni um það hvernig dagarnir liðu í Sönderho.

Paal Brekke birtir líka ljóð eftir sig, en framlag hans nefnist *Om savnet av en metemarsk memoarer*. Brekke fjallar einkum um fjölmiðla og játningabækur sem hann á gagnrýninn hátt kallar „ekshibisjonistisk finporno“. Er greinilegt að það hefur farið í taugarnar á Brekke að þurfa að taka afstöðu til bóka sem lýsa mishæppnum hjónaböndum, framshjáaldi, kynvillu, ofbeldi á heimilum og drykkjusjúki. Hann leitar til fuglanna og jafnvel maðkanna sem eru honum fremur að skapi en fólk sem ber tilfinningar sínar á torg og skirrist ekki við að opinbera einkalíf sitt fyrir öðrum.

En Brekke kemst ekki hjá að velta fyrir sér vandamálum og órvæntingu annarra eins og ljóð hans Til Jens Bjørneboe er til vitnis um:

En dikt om døden. Det vet vi jo kan ingen skrive. I hvert rimord i alle språk er på livet. Men natteskodden ser jeg drive gennem dag, og bak lukkede dører hører jeg deg rive et papirark i to.

Þótt þessi litla bók sé fyrst og fremst þakklætisvottur sex rithöfundar fyrir gistivínáttu í elskulegu umhverfi segir hún töluvert um þá sjálfa og heiminn fyrir utan.



„Menn virðast vilja góma það, sem þeir hafa séð út um bílgluggann eða á skjálum og hengja það upp á vegg, — máske er þar með þrá þeirra fullnægt um náttúruskoðun... Hafsteinn notar engin hjálpartæki við myndsköpun sína heldur hendurnar einar ásamt hugviti og tilfinningu.“

skjólstæðingar þeirra. Það tekur marga tíma að átta sig á þessu og til eru vítin til þess að varast þau.

Í stuttu máli þá er margt sterkra mynda á sýningu Hafsteins Austmanns að Kjarvalsstöðum og maður verður var umtalsverðra breytinga í listsköpun hans sem eru verðar allra athygli. Mig langar að vísa hér til nokkurra og eru það „Gullbrá“ (1), „Vetrarkvöld“ (11), „Vetur“ (18), „Á móti straumnum“ (43) og „Skammdegi“ (48). Allt eru þetta sterkar myndir er spanna vítt svið innan myndsköpunar Hafsteins Austmanns.

Ég veit nú að þessi listamaður lætur ekki deigan síga þrátt fyrir tímabundið mótlæti en ég vil hvetja almenning og þá sér í lagi listunnendur að láta þessa sýningu ekki fram hjá sér fara. Það væri meiriháttar slys í íslenskri listasögu ef þessi sýning fær ekki notið þeirrar athygli sem hún á skilið.

Hafsteini Austmann þakka ég svo fyrir sýninguna og óska honum alls góðs, — sýning þessi ber vott um grósku í íslenskri myndlist og að menn sæki ótraudir fram á sinni braut þrátt fyrir hróp og köll úr öllum áttum.

beinu og lífrænu vinnubrögðum, — fáir gestir láta sjá sig og sala er nær engin. Ég verð að viðurkenna, að þetta skil ég alls ekki og ég er algjörlega andvígur slíkrri þróun. Engu máli skiptir hvað menn mála geri þeir það vel og málverkið þar með gott og kemur við kenndir okkar. Það er hið mikilvægasta en ekki hitt að aðhyllast listastefnur, sem eru í raun fjármagnaðar af forríkum listakaupmönnum þótt fáir njóti peninga þeirra nema þeir sjálfir og örfáir



Eugen von Böhm-Bawerk benti þegar á nítjándu öld á óskaplega mótsögn í kenningu Marx.

Fróðleik má sækja í allar greinar bókarinnar, en skilning ekki nema í tvær þeirra, „Hugmyndafræði fjármálavaldsins“ eftir Hilferding og „Um launakenningu Karls Marx“ eftir Sowell. Hilferding, sem reyndi einn örfára marxsinna að rökræða við aðra, bendir á í grein sinni, sem er frá 1910, að frjálshyggjan er óskyld hugmyndafræði stórfyrirtækja og einnig landvinningsstefnu sumra stjórnmalamanna. Stórfyrirtækin reyna alltaf að fá vernd ríkisins fyrir samkeppni, þau reyna alltaf að einoka, en fátt er frjálshyggjumönnum verr við en einokun. Og landvinningsstefnan á seinni helmingi nítjándu aldar var þvert á alþjóðahyggju frjálslýndra manna, enda var Frjálslýndi

„Þrátt fyrir alla þessa galla er bókin virðingaverðasta tilraunin, sem íslenskir marxsinna hafa gert síðustu árin til að fræða okkur um kenningu sína, og miklu betri en fjölritaðir bæklingar ofsatrúarmanna sem margir eru til á íslenzku.“

flokkurinn í Bretlandi mótfallinn henni, en Íhaldsflokkurinn fylgdi henni ákafur.

Sowell leiðir rök að því, að skilja megi svo kenningu Marx, að verkamenn yrðu því fátækari sem iðnvæðingin yrði víðtækari, að verkamenn yrðu hlutfallslega fátækari. Samkvæmt því gætu kjör þeirra batnað, án þess að hlutur þeirra í þjóðarframleiðslu hefði stækkað. „Í þessum bünungi verður kenning Marx virðingaverð forsögn og ekki ósennileg, þótt hlutfallslegur skerfur verkamanna hafi ekki rýrnað og kenningin ekki ræst,“ segir hann. Leggja verður áherzlu á, að kenningin er röng, þótt hún sé skilin þessum skilningi, en hún er skynsamlegri en ella. Vera kann, að Marx hafi sem fræðimaður haft þessa skynsamlegri kenningu. En hann hafði sem áróðursmaður hina kenninguna, að kjör verkamanna versnuðu. Það sýna orð hans, sem höfð voru eftir í upphafi þessa ritdóms, um, að „verkamadur nútímans hrapaði dýpra og

dýpra“. Og það sýna einnig eftirfarandi orð hans (Úrvalsrit II, bls. 212): „Engar endurbætur á vélakosti, engin hagnýting vísinda í þágu framleiðslu, engar nýjar nýlendur, engir fólksflutningar úr landi, engir markaðsvinningar, ekkert verzlunarfrelsi né heldur allt þetta til samans, mun megna að útrýma eynd og fátækt iðnaðarverkalýðsins, heldur mun sérhver ný aukning á framleiðni vinnuafllsins á núverandi fólkskum grundvelli aðeins verða til að auka félagslegt misrétti og skerpa þjóðfélagsandstæðurnar.“ Vera kann, að Marx hafi verið fræðimaður á helgidögum, en hann var áróðursmaður hversdagslega.

Í öðrum greinum bókarinnar er reynt að berja í bresti kenningarinnar af veikum mætti. Ég ætla ekki að fara orðum um vinnuverðgildiskenninguna — þá kenningu, að skiptagildi vöru ákvarðast af því vinnuafli, sem notað hafi verið til þess að framleiða hana — enda ræði ég hana í ritdómi um bæklinginn *Inngang að hagfræðikenningu Marx* eftir Ernest Mandel. En í bókinni er rætt um óskaplega mótsögn í allri kenningu Marx, sem austurríski hagfræðingurinn Eugen von Böhm-Bawerk benti þegar á 1896. Í 1. bindi *Fjármagnsins* (Das Kapital) skipti Marx framleiðslunni í þrennt: varanlegt fjármagn (t.d. vélar og mannvirki), breytilegt fjármagn eða m.ö.o. laun verkamanna, og að lokum það, sem atvinnurekendur hirtu af verkamönnum, en það kallandi Marx „gildisauka“. Gildisaukinn var þannig tekinn af breytilega fjármagninu og reiknaður af því. En menn þurfa ekki

að hugsa sig lengi um til þess að skilja, að eitthvað er bogið við þetta. Samkvæmt kenningunni á gildisaukinn að vera því meiri sem breytilega fjármagninu er meira, þ.e. því meira sem vinnuaflið, sem notað er í framleiðslunni, er meira. Þetta felur það einnig í sér, að gildisaukinn á að vera því minni sem vélvæðing atvinnurekendanna er meiri. En það getur ekki verið, því að atvinnurekendur græða á vélvæðingu. Hvernig getur gildisaukinn skýrt gróðann, ef hann minnkar, þegar gróðinn eykst? Reynt er að svara þessu í 3. bindi *Fjármagnsins*, sem gefið var út að Marx látum. Svarið er, að gróðinn sé ekki reiknaður af breytilega fjármagninu eins og gildisaukinn, heldur af öllu fjármagninu, summu varanlegs fjármagns og breytilegs.

Gróðinn var þannig ekki bundinn gildisaukanum. Marx hafði að sjálfsögðu sína ástæðu til að reikna gróðann af öllu fjármagninu. Gróði hefði orðið misjafn eftir framleiðslugreinum, ef svo hefði ekki verið reiknað, því að í sumum þarf meira vinnuafli og minna varanlegt fjármagn en í öðrum, en gróðinn verður að vera svipaður í öllum framleiðslugreinum, ella stöðvast framleiðsla í þeim, sem gróðinn er minnstur í. Þetta felur það síðan í sér, að skiptahlutfall vara ákvarðast ekki af „gildi“ þeirra eins og það á að vera samkvæmt kenningu Marx, þ.e. ekki af því vinnuafli, sem notað var til þess að framleiða það, heldur af „framleiðsluverði“ þeirra. Kjöll, sem tiltölulega mikið vinnuafli hefur verið notað til að framleiða, en lítið varanlegt fjár-

magn, hefur ekki að sama skapi meira skiptagildi en álplata, sem tiltölulega lítið vinnuafli hefur verið notað til að framleiða, en mikið varanlegt fjármagn. Mótsögnina má því orða svo, að í 1. bindi er miðað við „skiptagildi“ vöru, en í 3. bindi við „framleiðsluverð“. Marxsinarnir reyna að leysa þessa mótsögn í bókinni, en þeim tekst það ekki, enda grípa þeir einkum til merkingarbreytingar orða, er þeir ætla að komast undan henni.

Í alla hagfræðikenningu Marx vantaði það, sem mestu máli skiptir. Hvað átti að gera eftir byltinguna? Hvernig var mönnum ætlað að vinna saman í sameignarskipulagi? Þessum spurningum svaraði Marx varla. Það var austurríski hagfræðingurinn Ludwig von Mises, lærisveinn Böhm-Bawerks, sem sýndi í bókinni *Sameignarskipulaginu* (Die Gemeinwirtschaft) 1922, að sú lausn, sem marxsinna hugsuðu sér, væri ótæk. Verðlagning vara á markaði væri nauðsynleg, ef reka ætti búskap af einhverju viti. Honum svaraði pólski hagfræðingurinn og marxsininn Oskar Lange nokkrum árum síðar með því að lýsa sameignarskipulagi, þar sem vörur væru verðlagðar eins og á markaði. Ég sakna umræðna um þetta mál, t.d. íslenzkunar einhverrar greinar Langes, úr bókinni, því að fáir verða lengur til þess að taka undir með Maurice Dobb, sem spyr lesendur, „hvað sanni betur heldur en þróun Ráðstjórnarríkanna frá 1917, þá fullyrðinguna Marx, að kapitalisminn sé tímabundið sögulegt skeið, sem víkja muni fyrir sósíalísmannum“.